

AUGLÝSING

69

13. apríl

um vegabréfsáritanir til hernámssvæða vesturveldanna í Þýzkalandi.

Með orðsendingu, dags. 8. apríl 1949, hefur brezka sendiráðið í Reykjavík tilkynnt utanríkisráðuneytinu að það hafi frá og með 11. apríl fengið heimild til að árita vegabréf íslenzkra ríkisborgara og erlendra manna búsettra á Íslandi, sem fara ætla til hernámssvæða vesturveldanna í Þýzkalandi.

Vegabréfsáritanir verða þó undir flestum kringumstæðum ekki veittar öðrum en þeim, sem ferðast í verzlunarerindum, fara um landið (transit visum), eða fara af fjölskylduástæðum (samúðarástæðum).

Fyrir verzlunarmenn gilda eftirfarandi reglur: Þeir geta fengið 30 daga dvalarleyfi í landinu og er heimilt að koma inn í og fara úr landinu eftir óskum á því tímabili, án sérstakrar heimildar. Til þess að fá áritun í vegabréf sitt þurfa þeir að leggja fram meðmælabréf frá viðskiptamálaráðuneytinu, þar sem m. a. eftirfarandi er tekið fram:

- a. Nafn umsækjanda.
- b. Þjóðerni, fæðingarstaður og fæðingarár.
- c. Á vegum hvaða fyrirtækis umsækjandi fer.
- d. Áætlaður komudagur til Þýzkalands.
- e. Hvaða vörur umsækjandi hefur áhuga á að kaupa.

Nauðsynlegt er, að sótt sé um vegabréfsáritun með nægum fyrirvara.

Utanríkisráðuneytið, 13. apríl 1949.

F. r.

Agnar Kl. Jónsson.

AUGLÝSING

70

31. maí

um viðskiptasamning milli Íslands og Finnlands.

Hinn 20. maí 1949, var undirritaður í Helsingfors viðskiptasamningur milli Íslands og Finnlands. — Samningurinn gekk þegar í gildi, og gildir hann um viðskipti milli landanna á tímabilinu frá 20. maí 1949 til 30. júní 1950.

Samkvæmt samningi þessum er gert ráð fyrir að Finnland kaupi af Íslandi:

25 000 tonn af síld,

60 smálestir af meðalalýsi,

90 smálestir af fódurlýsi,

25 smálestir af iðnaðarlýsi,

3½ af hundraði af því síldarmjöli, sem verður útflutt af framleiðslu sumarsins 1949, þó ekki yfir 1000 smál.,

2 af hundraði af síldarlýsisframleiðslu sumarsins 1949, þó ekki meira en 200 smálestir,

saltaðar gærur fyrir 105 000 sterlingspund,

kindagarnir fyrir 18 000 sterlingspund.

Auk þess eru möguleikar á sölu til Finnlands á niðursoðnum fiskafurðum, hraðfrystum fiski og ýmsum vörum fyrir 100 000 sterlingspund.